

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing um reglugjöfð fyrir gagnfræðaskólann á Akureyri, undirskrifuð af konungi 11. nóvbr. 1905 (A nr. 67, bls. 390—407).

Opíð brjef um samþykkt á kosning Hans konunglegu tignar prins Chrstians Frederiks Carls Georgs Valdemars Axels til konungs í Noregi, undirskrifuð af konungi 20. nóvbr. 1905 (A nr. 68, bls. 408—409).

Brjef stjórnarráðsins til biskups um sölu kirkjujardarinnar 123 **Glæsibæjar.** 5. desbr.

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans hátign konunginum 14. október þ. á. allramildilegast þóknazt að veita allrahæst samþykki sitt til þess að selja megi jörðina Glæsibæ í Glæsibæjarhreppi, sem er eign Möðruvallaklaustursprestakalls í Eyjafjarðarprófastsdæmi, undan nefndu prestakalli fyrir 2750 kr., með þeim skilyrðum, að söluandvirði jarðarinnar ávaxtist undir undir umsjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, með að minnsta kosti 4⁰/₀, að 4⁰/₀ af hinum árlegu vöxtum leggist við höfuðstólinn, en að öðru leyti njóti beneficiarius vaxtanna, og að jörðin verði framvegis skoðuð sem bændaeign, að því er skatta og skyldur snertir.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði höfuðstólnum varið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skulu brjefin send hingað til þess að ritað verði á þau, að þau sjeu eign prestakallsins, og ákvæði um að eigi megi afhenda þau.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um sölu kirkjujardanna 124 **Gljúfurarkots og Sveinsstaða.** 5. desbr.

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans hátign konunginum 14. október þ. á. allramildilegast þóknazt að veita allrahæst samþykki sit til þess að selja megi jarðirnar Gljúfurarkot og Sveinsstaði ásamkvæmt tilheyrandi afrjett, sem heyra undir Vallaprestakall í Eyjafjarðarprófastsdæmi, undan nefndu prestakalli fyrir 3000 kr., með þeim skilyrðum, að söluandvirði jarðanna ávaxtist undir umsjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, með að minnsta kosti 4⁰/₀, að 4⁰/₀ af hinum árlegu vöxtum leggist við höfuðstólinn, en að öðru leyti njóti beneficiarius vaxtanna, og að jarðirnar ásamt tilheyrandi afrjett verði framvegis skoðaðar sem bændaeignir að því er skatta og skyldur snertir.

Þetta er yður, háæruverði herra, hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði höfuðstólnum varið